

**Nd. 438. Frumvarp til laga [194. mál]**

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Flm.: Daniel Ágústínusson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

Á eftir nr. 11 í 77. kafla tollskrár komi svofelld athugasemd:

Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af sýningarvélum fyrir kvikmyndir, sem fluttar eru inn af félagsheimilum í sveitum eða kauptúnum með 500 íbúa eða færri, þó ekki nema af einni vél á hvern stað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hef ég flutt á tveimur undanförunum þingum.

Það er byggt á þeirri þörf hinna mörgu og nýju félagsheimila að eignast sýningarvél fyrir kvikmyndir. Við það eykst notagildi hinna rúmgóðu og myndarlegu félagsheimila stórlega. Að vísu munu sums staðar til 16 m/m sýningarvélar, en þær 16 m/m kvikmyndir, sem hér eru til, eru næsta einhæfar.

Í kaupstöðum landsins, 14 að tölu, eru alls staðar kvikmyndahús — eitt eða fleiri. Þau eru ýmist í einkaeign eða rekin af opinberum aðilum eða félögum. Íbúafjöldi þessara kaupstaða er 120772 samkvæmt manntali Hagstofu Íslands 1. des. 1961. Í þeim er því alls staðar greiður aðgangur að kvikmyndahúsum.

Í 62 kauptúnum landsins eru 35 m/m kvikmyndavélar í 18 þeirra, einkum þeim stærstu. Íbúafjöldinn er um 26240, og mun helmingur þeirra búa í umræddum 18 kauptúnum.

Í 152 sveitarfélögum, þar sem eigi eru nein kauptún, eru hvergi 35 m/m kvikmyndavélar. Íbúafjöldi þeirra er 32709.

Af íbúum landsins búa því um 46 þús. í sveitum og kauptúnum, sem hafa ekki aðstöðu til að njóta venjulegra kvikmynda í heimabyggð sinni. Þetta er rúmlega ¼ hluti þjóðarinnar.

Kvikmyndavél fyrir 35 m/m myndir kostar nú með sýningartjaldi og öðrum nauðsynlegum útbúnaði um £ 1003—7—10, eða í ísl. kr. 121621.00 með núverandi gengi. Samkvæmt útreikningi tollstjóráskrifstofunnar í Reykjavík 20. marz 1962 leggjast á fob-verðið kr. 99183.00 og sundurliðast þannig:

1. Verðtollur 50% .....	kr. 60811.00
2. Tollstöðva- og byggingarsjóðsgjald 2% ....	— 1216.00
3. Innflutningssöluskattur 16.5% .....	— 30101.00
4. Viðskiptasöluskattur 3.3% .....	— 7054.00

—————  
Alls kr. 99183.00

Kaupverð vélanna verður þá með aðflutningsgjöldum og söluskatti kr. 220804.00. Það er hærri upphæð en svo, að líklegt sé, að fámenn byggðarlög risi undir kaupum á svo dýrum sýningarvélum.

Við gengisbreytinguna sumarið 1961 hækkaði innkaupsverð vélanna, en hins vegar voru aðflutningsgjöld lækkuð og innflutningsgjald afnumið s. l. haust á þessum kafla tollskrárinnar. Við þá breytingu lækkaði verð vélanna allverulega. Hér var vissulega stigið spor í rétta átt, en lengra þarf að ganga, svo að árangur náist.

Kvikmyndasýningar geta aldrei orðið arðvænlegar í fámenninu, en kvikmyndir eiga samt sem áður jafnbrýnt erindi þangað og í fjölmennið. Með frumvarpi þessu er því lagt til að auðvelda  $\frac{1}{4}$  hluta þjóðarinnar að veita sér þá skemmtun og fræðslu, sem kvikmyndir gera, með því að veita ráðuneytinu heimild til að fella niður aðflutningsgjöld á einni sýningarvél handa hverju félagsheimili í hinum fámennari byggðum.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ekki skapað neitt nýtt fordæmi, sem hættulegt gæti talizt. Í lögum um tollskrá er að finna heimild til undanþágu fyrir hljóðfæri í skóla, kirkjuhljóðfæri, hljómplötur með verkum eftir íslenska höfunda og sitt hvað fleira. Það virðist því vera sanngjarnt, að þessum þætti sé bætt við, ef það gæti stuðlað að því, að kvikmyndir næðu til allrar þjóðarinnar. Ríkissjóður verður tæpast af neinum tekjum, því að engar líkur benda til þess, að byggðarlög þau, sem undanþágunnar eiga að njóta, hafi minnstu möguleika til að eignast sýningarvélar þessar við því verði, sem þær kosta nú, þar sem tekjur af rekstri þeirra yrðu jafnan sáralitlar í fámennum byggðarlögum. Með frumvarpi þessu er stuðlað að því, að merkilegt menningartæki geti náð til allrar þjóðarinnar.

Alþingi bárust í fyrra nokkur erindi frá stjórnnum félagsheimila og sveitarstjórnnum, þar sem skorað var á Alþingi að samþykkja frumvarp þetta. Sýnir það vakandi áhuga fyrir málinu viðs vegar um landið.